

# Grundvallarreglur fyrir félagsmenn í Hundaræktarfélagi Íslands (HRFÍ) frá 1.júní 2014

## 1. Almennt

Félagsmönnum í Hundaræktarfélagi Íslands ber að:

1.1. Umgangast og annast hunda og önnur dýr vel, á þann hátt sem eftirlitsaðilar HRFÍ og dýraverndunar- og heilbrigðisyfirvöld viðurkenna.

1.2. Koma ávallt þannig fram að það skaði ekki eða vinni á móti HRFÍ. Tjá sig hvorki meiðandi um félagið né félagsmenn.

1.3. Koma þannig fram í tengslum við sýningar, próf eða keppnir að það hafi ekki áhrif á tækifæri annarra hunda til að fá réttlátan dóm. Félagsmaður skal ekki tjá sig á meiðandi hátt um um hunda annarra, starfsmenn HRFÍ og/eða þátttakendur í viðburðum á vegum félagsins, hvort sem er í ræðu eða riti, á prenti eða á vefnum. Gildir þetta jafnt á viðburðum félagsins sem utan þeirra.

1.4. Framfylgja lögum og reglum HRFÍ. Leggja sig fram um að uppfylla skyldur, sem fylgja því að halda hund og sniðganga ekki reglur og ákvarðanir HRFÍ.

1.5. Hvorki styðja né taka þátt í þjálfun, prófum eða keppnum sem byggja á ógnun eða átökum hunds og manns (t.d. árásar- og/eða varnarþjálfun). Þessi regla gildir um starfsemi á Íslandi. Í undantekningartilvikum viðurkennir HRFÍ próf og keppnir á vegum erlendra hundaræktarféлага þar sem svokölluð varnarvinna er hluti þess.

## 2. Ræktun

Í ræktun skal ávalt bera heilsu og vellíðan ræktunardýra og afkvæma þeirra fyrir brjósti. Félagsmaður sem notar hund sinn til ræktunar skal vera trúr ræktunarstefnu HRFÍ. Nota í hundaræktun aðeins viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn og ef því er að skipta, ákvæði varðandi vinnu- eða veiðipróf, sem í gildi eru fyrir það hundakyn sem hann ræktar.

Félagsmönnum í Hundaræktarfélagi Íslands ber að:

2.1. Nota hunda af sömu tegund til ræktunar.

2.2. Rækta aðeins hunda sem eru ættbókarfærðir hjá Hundaræktarfélagi Íslands eða hjá viðurkenndu hundaræktarfélagi innan F.C.I.

2.3. Nota aðeins til ræktunar hunda, sem eru bæði líkamlega og andlega heilbrigðir og hafa gott geðslag sem er einkennandi fyrir viðkomandi kyn. Hund sem sýnir hegðunarbresti svo sem ýkt hræðsluviðbrögð eða árásarhegðun án tilefnis og við hversdaglegar aðstæður skal ekki nota til ræktunar.

Fara eftir gildandi reglum um erfðasjúkdóma, sem forðast þarf í ræktun sbr. reglur um skráningu í ættbók HRFÍ, kafli VI. reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr. Forðast þörun dýra sem skv. fyrirbyggjandi upplýsingum gefa auknar líkur á alvarlegum sjúkdómi/fötlun afkvæma. Endurtaka ekki þörun þar sem fæðst hafa hvolpar með alvarlegan galla.

Nota ekki ræktunardýr sem haldin eru víkjandi arfgengum sjúkdómi. Para má saman einstaklinga sem bera víkjandi arfgenga sjúkdóma við einstaklinga sem sannanlega bera ekki sama sjúkdóm, svo fremi það stangist ekki á við ræktunarmarkmið.

2.4. Forðast að nota sama hundinn það oft til undaneldis að fjöldi afkvæma hans verði ríkjandi miðað við fjölda einstaklinga í stofninum. Sem almennt viðmið ætti enginn rakki að eiga fleiri afkvæmi en sem samsvarar 5% af heildarskráningum hvolpa í tegundinni á 5 ára tímabili. Einnig ætti að taka tillit til stofnstærðar, ekki aðeins á landsvísu heldur einnig á heimsvísu, sérstaklega í tegundum sem innihalda fáa einstaklinga, sbr. FCI International breeding strategies.

2.5. Hvetja hvolpakaupendur til að fara með hunda sína í ræktunardóm á hundasýningum, vinnu- og veiðiprófum HRFÍ þegar þeir hafa náð tilskyldum aldri (unghunda- eða opinn flokkur) til að hægt sé að meta stöðu ræktunar hverju sinni.

2.6. Vera með gild vottorð um heilsufarsskoðun fyrir pörun.

2.7. Leitast við að nota í ræktun hunda sem geta parað sig og fætt á eðlilegan hátt. Sé sæðing notuð þrátt fyrir skort á staðfestri getu til pörunar skal sá dýralæknir sem framkvæmir sæðinguna votta að rakkinn og tíkin hafi ekki skerta kyngetu eða séu ekki ófær um að parast á nátturulegan hátt.

Við sæðingu skal fylgja reglum sem í gildi eru í því landi sem hún fer fram, en hún má aldrei vera framkvæmd af öðrum aðila en dýralækni.

2.8. Að para ekki alsystkini, föður með dóttur eða móður með syni.

### **3. Ræktandi**

Ræktanda í Hundaræktarfélagi Íslands ber að:

3.1. Stunda ræktun af alvöru og ábyrgð.

3.2. Láta í té réttar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf.

3.3. Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr í Reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands.

3.4. Láta ekki tík gjóta oftari en fimm sinnum. Ef tík gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. í 12 mánuði fyrir næsta got. Tík sem er 7 ára eða eldri skal hvílast a.m.k. 12 mánuði á milli gota.

3.5. Ef tík er pöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja pörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tíkin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir pörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð dýralæknis má ekki vera eldra en mánaðargamalt við pörun. Para ekki tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður. Aldrei má para tík sem náð hefur 10 ára aldri.

3.6. Að sjá til þess að áður en hvolpur er afhentur að hann sé í umhverfi sem þjónar líkamlegum og andlegum þroska hans ásamt umhverfisþjálfun. Hvolpar eiga að fá möguleika á að vera hjá tík þar til þeir eru 8 vikna gamlir.

3.7. Að ættbókarfæra alla hvolpa úr goti samtímis hjá HRFÍ og örmerkja hvolpa áður en þeir eru afhentir nýjum eiganda.

3.8. Að skrá ekki annarra hvolpa sem sína eigin eða undir ræktunarnafni sínu; né á hinn bóginn gefa í skyn að vera ræktandi að hvolpum ef raunverulegur ræktandi er annar.

3.9. Að skrá aldrei hvolpa úr eigin ræktun sem hvolpa annarrar ræktunar.

#### **4. Sala, afhending og afsal**

Félagsmanni í Hundaræktarfélagi Íslands ber að:

4.1. Nota kaupsamning/afsal frá HRFÍ við sölu/afsal hunds.

4.2. Afhenda ættbók með hundi eða staðfestingu á að búið sé að senda inn beiðni um ættbókarskráningu. Skal ættbókin þá afhendast kaupanda um leið og hún kemur frá HRFÍ. Ræktandi getur ekki krafist fullrar greiðslu fyrir hund, fyrr en við afhendingu ættbókarskírteinis (staðfestingar), heilsufars- og bólusetningarvottorðs frá dýralækni.

4.3. Afhenda ekki hvolpa fyrr en þeir hafa náð 8 vikna aldri.

4.4. Láta ekki af hendi hvolp sem vitað er að haldinn er sjúkdómi eða galla án þess að þess sé getið í kaupsamningi.

4.5. Selja hvolpa aldrei aðilum sem stunda endursölu eða stunda sjálfur endursölu. Rækta ekki eða selja hunda sem nota á við dýrarannsóknir eða tilraunir. Láta ekki hunda til dýragarða, stofnana sem hafa dýr til sýnis og/eða aðila sem selja hunda í verslunum eða á mörkuðum.

4.6. Uppfylla eftir bestu getu skyldur og ábyrgð gagnvart hvolpakaupendum eins og segir í samningi HRFÍ. Láta hvolpa aðeins í hendur þeirra sem búa við hæfandi aðstæður og hafa þekkingu á eðli og uppeldi hunda, sem tryggir góða meðferð og stuðlar að ábyrgu hundahaldi.

Standa að baki nýjum hundeiganda með ráðleggingum og upplýsingum ef með þarf. Ennfremur fræða um eðli og eiginleika kynsins. Ganga úr skugga um að viðtakandi hvolpsins geri sér fulla grein fyrir gildandi reglum um hundahald.

Veita réttar upplýsingar um ræktunina og breyta að öðru leyti í samræmi við lög og ákvarðanir Hundaræktarfélags Íslands og ræktunardeilda þess. Lög um almenna verslunarhætti gilda um kaup og sölu hvolpa/hunda. Afsöl og kaupsamningar fást á skrifstofu félagsins.

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands er heimilt að gefa undanþágu frá ákvæðum í þessum grundvallarreglum.